

RE: 2601066 - Öryggi varaafls og fjarskipta í Arnarfirði

Til : Lilja Magnúsdóttir <liljam@vesturbyggd.is>; Daði Sigurðarson <dadis@mila.is>; Halldór Jónas Ágústsson <halldor.jonas.agustsson@ruv.is>; Sigurbjörn Eiríksson <sibbi@syn.is>; Ólafur Magnússon <olafurm@nova.is>; Sigurbjörn Óskar Guðmundsson <sigurbjornng@syn.is>; siminn@siminn.is <siminn@siminn.is>; Halldór Magnússon <hm@ov.is>

Frá : Elías Jónatansson <ej@ov.is>

CC : Njörður Tómasson <njordur@fjarskiptastofa.is>; Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>; Sigurður Ingi Hauksson <sih@112.is>

Heiti : RE: 2601066 - Öryggi varaafls og fjarskipta í Arnarfirði

Málsnúmer : 2601066

Málsaðili : Vesturbyggð

Skráð dags : 19.01.2026 12:11:36

Höfundur : Elías Jónatansson <ej@ov.is>

Viðhengi : [image005.png](#)
[image004.png](#)
[image003.png](#)
[image002.png](#)

Takk fyrir Lilja, þetta er mótttekið.
Kv. Elías



ORKUBÚ VESTFJARÐA

orkubu@ov.is

Elías
Jónatansson
Orkubússtjóri

+354 450 3211 |
+354 892 4461

www.ov.is

Stakkanes 1, 400
Ísafjörður

[Fyrirvari /](#)
[Disclaimer](#)



From: Lilja Magnúsdóttir

Sent: mánudagur, 19. janúar 2026 10:07

To: Daði Sigurðarson ; Halldór Jónas Ágústsson ; Sigurbjörn Eiríksson ; Ólafur Magnússon ; Sigurbjörn Óskar Guðmundsson ; siminn@siminn.is; Elías Jónatansson ; Halldór Magnússon

Cc: Njörður Tómasson ; Bæjarstjóri Vesturbyggð ; Sigurður Ingi Hauksson

Subject: 2601066 - Öryggi varaafls og fjarskipta í Arnarfirði

Góðan dag

Eftirfarandi bókun var samþykkt á 16. fundi heimastjórnar Arnarfjarðar þann 14.01.2026.

Bókunin er send til Orkubús Vestfjarða, Mílu hf, Rúv ohf, Sýn hf, Nova hf, Símans hf og afrit til Fjarskiptastofu, Neyðarlínu og bæjarstjóra Vesturbyggðar.

Öryggi varaafls og fjarskipta í Arnarfirði í kjölfar þeirra atburða sem urðu í Tálknafirði vegna rafmagnsleysis í desember.

Dagana 11.desember og 31.desember varð rafmagnslaust í Tálknafirði vegna bilunar í spennni á Keldeyri í Tálknafirði. Í kjölfar rafmagnsleysisins í Tálknafirði urðu miklar truflanir á fjarskiptum og varð algjört rof á sambandi um tíma. Einnig varð rafmagnslaust á Bíldudal þann 11.desember og gekk illa að koma varaafli í gang fyrir allt þorpið.

Heimastjórn Arnarfjarðar lýsir áhyggjum sínum af hinum viðamiklu truflunum sem urðu á varaafli og á fjarskiptum í þessu rafmagnsleysi og beinir þeim tilmælum til orkufyrirtækja og allra fjarskiptafyrirtækja að farið verði vandlega yfir allt varaafli sem á að taka við þegar rafmagnslaust verður á Bíldudal til að minnka líkur á að ástand líkt og það sem varð í Tálknafirði geti komið upp á Bíldudal. Nauðsynlegt er að fjarskipti séu örugg í slíku ástandi til að tryggja öryggi íbúa og takmarka tjón fyrirtækja.

Heimastjórn Arnarfjarðar bendir sérstaklega á nauðsyn þess að tryggja öryggi á Bíldudalsflugvelli í svona ástandi, bæði hvað varðar fjarskipti og raforku þar sem Bíldudalsflugvöllur gegnir lykilhlutverki í samgöngum til og frá svæðinu, sérstaklega hvað varðar sjúkraflug.

Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.

Kveðja



Lilja Magnúsdóttir

Ritari heimastjórna

[Vesturbyggð](#)

450 2310/895-2947 | [Fyrirvari um tölvupóstinn](#)

S+yn